

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesvegur 5 ehf. Ásmundarnes, Bjarnarfjörður



Dags eftirlits	11.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Nesvegur 5 ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hellnafelli 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	510416-0230	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var ekki skilað inn. 2) Engar sýnatökur voru teknar árið 2023. 3) Þjálfunarskýrslur voru ekki til staðar. 4) Engar efnageymslur voru til staðar né öryggisblöð. 5) Starfsfólk skortir þekkingu á eitrunarhættum efna. 6) Árekstrarvörn vantaði við olúgeymi. 7) Rekstraraðili er ekki með umhverfismarkmið.

Engin eldri frávík voru opin við eftirlit.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu: Rekstraraðila var bent á að nauðsyn þess að starfsmenn hafi þekkingu á eitrunaráhrifum efna og noti viðeigandi hlífðarfatnað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til seiðaeldis laxfiska á Ásmundarnesi Bjarnarfirði. Ársframléiðsla skal á hámarki vera 45 tonn og lífmassi í stöðinni á hverjum tíma má ekki fara yfir 45 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengi og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Tvö frávík komu fram við eftirlit árið 2023 er varða árekstrarvörn við olúgeymi og urðun dauðfisks. Þrjár ábendingar komu fram, ein sem varðar losun og frágang við útrás frárennslis, önnur hvað varðar þró með olúgildru við olúgeymi og þriðja er varðar þjálfun starfsfólks

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili er ekki með umhverfismarkmið. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað inn. Rekstraraðili var minntur á að það á að skila inn ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.

4. Rekstraraðili á að mæla heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári, við hámarkslífmassa og við lágmarkslífmassa, engar sýnatökur voru teknar árið 2023. Þjálfunarskýrslur voru ekki til þegar eftirlit fór fram.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs.

6. Miklar framkvæmdir eru í stöðinni, það mætti íhuga tiltekt á svæðinu. Bæta þarf árekstrarvarnir fyrir olútankinn, þar sem tankurinn var farinn að halla á hliðina og árekstrarvörnir farin eftir veturinn.

7. Engin efnageymsla var í stöðinni né lekabyttur. Engin öryggisblöð voru til staðar. Starfsmenn skortir þekkingu á eitrunarhættu með meðhöndlun efna, einnig er viðeigandi búnaður til að meðhöndla efni ekki til staðar.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 2.1 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rekstraraðili er ekki með nein umhverfismarkmið.

Gr. 2.3 í starfsleyfi.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Öryggisblöð voru ekki til staðar.

Gr 3.11 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr 888/2015. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Enginn efnaskápur er til staðar né lekabyttur. Engin öryggisblöð eru til staðar.

Gr. 4.1. í starfsleyfi.

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. Engar skráningar voru til staðar.

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun hins vegar við lágmarksfóðrun. Engin sýni voru tekin árið 2023.

Gr 4.4 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur ekki ennþá skilað sér inn til Umhverfisstofnunar.

Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. Skv. 41. gr. í reglugerðinni þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðila var bent á að nauðsyn þess að hafi þekkingu á eitrunaráhrifum efna og noti viðeigandi hlífðarfatnað.

ANNAÐ**Annað:**

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík,

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir